

Launaflokkar - launaþrep

Launaflokkur

Prófessor I	08
Prófessor II	09
Prófessor III	10
Prófessor IV	11
Prófessor V	12
Prófessor VI	13
Prófessor VII	14

Auk þess að raðast í launaflokka niður töfluna geta prófessorar á samningstímanum færst út töfluna til hægri um launaþrep á grundvelli annarra stiga en rannsókna sem þeir safna á samningstímanum (þ.e. vegna kennslu, stjórnunar og þjónustu). Þetta gefur færi á launahækkun til viðbótar við almennar prósentuhækkanir launa samkvæmt miðlægum kjarasamningi.

Launaþrep

Launaþrep	1	2	3	4	5	6	7	8
Stig	<50	50	100	150	300	450	600	800

Á launaseðli Fjársýslu ríkisins er gefin upp þriggja stafa tala. Hún gefur til kynna launaröðun í launatöflu. Fyrstu tveir tölustafirnir gefa til kynna launaflokk (lóðrétt niður töfluna) og síðasta talan gefur til kynna launaþrepið (lárétt til hægri í töflunni). Til dæmis raðast félagsmaður sem áður var Prófessor V nú í launaflokk 12 og ef viðkomandi er í launaþrepi 1 kemur talan 121 fram á launaseðli (122 ef viðkomandi er í launaþrepi 2).